Mánudaginn 15. maí 1995.

Nr. 159/1995. **Lind hf.**
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
**Nesleið hf.**

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. apríl 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 9. maí sl. Um kæruheimild er vísað til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, krafðist sóknaraðili þess við þingfestingu málsins, að varnaraðila yrði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Var þeirri kröfu hafnað með úrskurði héraðsdómara 21. febrúar 1995. Sóknaraðili reisir sömu kröfu nú á því, að nýjar forsendur styðji þau sjónarmið sín, að skilyrði b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 fyrir málskostnaðartryggingu eigi við. Vísar hann þar til fjárnáms hjá varnaraðila, sem var árangurslaust að hluta, og fram kominna beiðna um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Ákvæði 133. gr. laga nr. 91/1991 verða ekki talin girða fyrir, að sóknaraðili geti að nýju haft uppi kröfu um málskostnaðartryggingu, ef sérstakt tilefni gefst til þess eftir þingfestingu. Samkvæmt því ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka kröfu sóknaraðila til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka til efnismeðferðar kröfu sóknaraðila um tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 1995.**

Mál þetta var þingfest 31. janúar 1995. Þá kom fram krafa stefnda um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda. Kveðinn var upp úrskurður um þá kröfu 21. febrúar 1995, þar sem kröfu stefnda var hafnað. Í þinghaldi 28. mars sl. kom fram sú krafa frá stefnda að nýju, að stefnandi legði fram málskostnaðartryggingu, með vísan til b-liðar 1. tl. 133. gr. eml., og lagði stefndi fram endurrit árangurslauss fjárnáms að hluta, sem gert var hjá stefnanda 1. mars 1995. Af hálfu stefnanda var kröfunni mótmælt.

Málið var tekið fyrir þriðjudaginn 11. apríl til þess að gefa lögmönnum aðila kost á að rökstyðja kröfur sínar og mótmæli. Í því þinghaldi ítrekaði lögmaður stefnda kröfu sína um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda. Lögmaður stefnanda mótmælti kröfunni. Er lögmenn aðila höfðu reifað sjónarmið sín, var málið tekið til úrskurðar.

Í 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 og athugasemdum með því lagaákvæði er kveðið á um, að stefndi geti ekki krafist þess síðar en við þingfestingu máls, að stefnandi leggi fram málskostnaðartryggingu, enda hafi honum þá verið kunnugt um tilefni til þess að krefjast slíkrar tryggingar. Í máli þessu er ljóst, að stefnda var kunnugt um slíkt tilefni við þingfestingu málsins, þar sem þá kom fram krafa um málskostnaðartryggingu, og hefur þegar verið tekin afstaða til þeirrar kröfu með úrskurði. Með vísan til þess og ákvæða 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 verður ekki talið, að stefndi geti nú krafist nýrrar úrlausnar dómsins um kröfu sína um málskostnaðartryggingu.

Kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda er því vísað frá dómi ex officio.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda er vísað frá dómi.